

AUGLÝSING

um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra:

Breiðholts-, Fella- og Hólaprestaköll sameinist í eitt prestakall, Breiðholtsprestakall.

Vesturlandsprófastsdæmi:

Heiti Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalls breytist í Garða- og Saurbæjarprestakall.

Vestfjarðaprófastsdæmi:

Súðavíkursókn, Vatnsfjarðarsókn og Ögursókn í Bolungarvíkurprestakalli sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Súðavíkursókn.

Flateyjarsókn í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli tilheyri Stykkishólmsprestakalli í Vesturlandsprófastsdæmi.

Skarðssókn í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli tilheyri Dalaprestakalli í Vesturlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 8. nóvember 2019.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2019